

**Fundargerð skipulagsnefndar UTU  
213. fundur skipulagsnefndar UTU  
haldinn í Þingborg þ. 10. mars 2021  
og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Árni Eiríksson, Björgvin Skafti Bjarnason, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur J. Gíslason, Vigfús Þór Hróbjartsson, Davíð Sigurðsson og Elísabet D. Erlingsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi

Fundargerð verður send til nefndarmanna í tölvupósti til yfirlestrar og og svo rafrænnar undirritunar.

**Dagskrá:**

**Ásahreppur:**

**1. Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós; Ný svæði; Aðalskipulagsbreyting - 2011057**

Lögð er fram tillaga vegna breytinga á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnistökusvæðum og einu efnislosunarsvæði í nágrenni við Þórisós.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Ásahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**2. Ás 3 land III-4 L204649; Reykásrimi; Stofnun lóðar - 2011064**

Lögð er fram umsókn Ástu B. Ólafsdóttur og Gísla Sveinssonar um skiptingu landsins Ás 3 land III-4 L204649 í 2 hluta. Óskað er eftir að stofna 81.087 fm úr L204649 sem verður 84.549 fm eftir skiptin. Þá er óskað eftir að nýja lóðin fá staðfangið Reykásrimi og jafnframt að staðfangi upprunalsins verði breytt í Hestásrimi. Skv. umsækjanda þá hafa þessi hól verið nefnd Rimar og mun Reykásrimi fylgja lóðinni Reykás. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningunni sem og eigenda viðkomandi landeigna fyrir aðkomu að lóðunum sem er að breytast frá samþykktu lóðablaði dags. 08.11.2005 sem er fylgiskjal með þinglýstri landskiptagerð dags. 15.12.2005.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við skiptingu landsins né staðföng skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Ásahrepps samþykki erindið.*

**3. Húsar 1 land (L165334); Sumarbústaður viðbygging og auka byggingar á lóð - 2103016**

Fyrir liggur umsókn Gunnars Helgasonar og Bjarkar Jakobsdóttur, um viðbyggingu við sumarbústað 6,8 m<sup>2</sup>, geymslu 21,3 m<sup>2</sup>, baðhús 12,7 m<sup>2</sup> og opið hestaskýli 20,5 m<sup>2</sup> á lóðinni Húsar 1 land (L165334) í Ásahreppi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Ásahrepps að málið verði*

*samþykkt á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar en umsækjandi eru innan svæðisins er ekki talin þörf á grenndarkynningu og mælist nefndin til þess að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

**Bláskógabyggð:**

**4. Kjóastaðir L200837; Vegsvæði; Stofnun lóðar - 2102059**

Lögð er fram umsókn frá Direktu lögfræðipjónustu er varðar stofnun 6.500 fm vegsvæðis úr landi landi Kjóastaða 3 L200837 í Bláskógabyggð vegna endurbyggingar Skeiða- og Hrunamannavegar.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun vegsvæðisins skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykki erindið*

**5. Tungubotnar L212210; Vegsvæði; Stofnun lóðar - 2102058**

Lögð er fram umsókn frá Direktu lögfræðipjónustu er varðar stofnun 9.327 fm vegsvæðis úr landi landi Tungubotna L212210 í Bláskógabyggð vegna endurbyggingar Skeiða- og Hrunamannavegar.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun vegsvæðisins skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykki erindið*

**6. Skálholt L167166; Skógrækt 120 ha.; Framkvæmdaleyfi - 2103001**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Kolvið vegna ræktunar loftslagsskóga á 120,7 ha. landi innan jarðar Skálholts L167166. Lagðir eru fram samningar á milli Kolviðs og landeigenda er varðar umsóttá notkun landsins.

*Gert er ráð fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði á að allt að 38,16 ha. á umræddu svæði innan aðalskipulags Bláskógabyggðar merkt SL12, svæðið er að öðru leyti skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Innan deiliskipulags er jafnframt gert ráð fyrir því að svæðið utan núverandi skógræktar sé flokkað sem landbúnaðarland. Skipulagsnefnd leggst ekki gegn skógrækt á svæðinu en mælist þó til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt utan núverandi heimilda aðal- og deiliskipulags verði ekki samþykkt. Mælt er til þess að unnar verði viðeigandi skipulagsbreytingar áður en heimild verður veitt fyrir svo umfangsmikilli skógrækt. Nefndin bendir jafnframt á að skógrækt að 200 ha. er tilkynningarskyld til sveitarstjórnar sbr. lið 1.07 laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 14. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015.*

**7. Snorrastaðir II; Stóruskógar; Deiliskipulagsbreyting - 2006007**

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting fyrir Snorrastaði II, Stóruskóga eftir auglýsingu. Athugasemdir og umsagnir bárust vegna málsins á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram til afgreiðslu ásamt uppfærðum deiliskipulagsupphætti.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þeim sem athugasemdir gerðu vegna málsins verði tilkynnt um niðurstöðu sveitarstjórnar.*

**8. Vilsenslundur L189550; Aukið byggingarmagn; Aukahús; Deiliskipulagsbreyting - 2103014**

Lögð er fram umsókn frá Lenu Huldu Nilsen er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Vilsenslunda. Í breytingunni felst aukning á byggingarheimildum fyrir auka hús á lóð úr 30 fm í 40 fm. Samhliða er óskað eftir heimild fyrir breyttu heiti lóðar í Vilsensdal.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Nefndin mælist gegn staðfangabreytingu lóðarinnar þar sem að hún samræmist illa reglugerð um skráningu staðfanga.*

**9. Lækjarhvammur (L167924); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - viðbygging - 2102073**

Fyrir liggur umsókn Þorkels Magnússonar fyrir hönd Karenar Lindu K. Eiríksdóttur, móttækin 24.02.2021 um byggingarleyfi fyrir 44 m<sup>2</sup> viðbyggingu. Heildarstærð sumarbústaðs verður 88,8 m<sup>2</sup> á sumarbústaðalandinu Lækjarhvammur L167924 í Bláskógabyggð.

*Skipulagsnefnd mælist gegn útgáfu byggingarleyfis fyrir viðbyggingu vegna nálægðar við veg og læk. Samkvæmt skipulagsreglugerð er ekki heimilt að byggja frístundahús nærri stofn- og tengivegum en 100 metra og ekki nær ám og vötnum en 50 metra. Þótt svo að húsið sé á staðnum nú þegar er gert ráð fyrir því að viðbygging verði byggð enn nær læknum en núverandi hús er. Nefndin telur forsendu þess að heimild verði veitt fyrir viðbyggingu sé að framkvæmdin fari ekki nær á eða vegi en núverandi hús. Umsækjandi getur óskað eftir undanþágu frá reglum þessum til ráðherra sbr. 12. mgr. 45. gr. skipulagslaga.*

**10. Skálabrekka-Eystri L224848; breytt lega frístundasvæðis ; Aðalskipulagsbreyting - 2003004**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar legu frístundasvæðis að Skálabrekku-Eystri L224848 ásamt umsögnum sem bærust vegna lýsingar. Í breytingunni felst að skilgreindir frístundasvæðis flákar innan jarðarinnar Skálabrekku-Eystri L224848 eru sameinaðir í eitt samfellt svæði. Stærð svæðisins helst óbreytt.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**11. Skálabrekka-Eystri L224848; Frístundasvæði F10; Deiliskipulag - 2003005**

Vilborg Halldórsdóttir f.h. eigenda Skálabrekku-Eystri L224848 leggur fram umsókn er varðar deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálabrekku-Eystri L224848, Bláskógabyggð. Svæði sem um ræðir er tæplega 25 ha að stærð. Reiknað er með að frístundalóðir verði á milli 0,5 til 1,0 ha að stærð. Umrætt svæði er á hverfisverndarsvæði HV1 og er einnig sérstök vatnsvernd á svæðinu (lög nr. 85/2005). Hluti svæðisins er nú þegar í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar skilgreindur sem frístundabyggð F(10). Aðkoma að svæðinu er um Þingvallaveg og aðkomuveg í gegnum land Skálabrekku. Samhliða er unnið að tillögu aðalskipulagsbreytingar fyrir svæðið.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**12. Skálabrekka L170163; Úr landbúnaðarsvæði í frístundasvæði;  
Aðalskipulagsbreyting - 2006052**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Skálabrekku L170163. Lýsing tillögunnar var kynnt frá 9-30. september 2020. Umsagnir bárust við lýsingu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar breytist í frístundasvæði. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 19.11.2020 þar sem skipulagsfulltrúa var falið að taka saman upplýsingar um hvernig tillagan samræmist hverfisvernd svæðisins, lögum um vatnasvið Þingvallavatns og hvort að reglum aðalskipulags er varðar uppbyggingu á 2/3 hluta frístundalóða innan jarðar, áður en ráðist sé í frekari stækkun, sé uppfyllt. Lagt er fram minnisblað skipulagsfulltrúa vegna málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*

**13. Úthlíð 2 L167181; Úr frístundasvæði í verslunar- og þjónustusvæði;  
Aðalskipulagsbreyting - 2103021**

Lögð er fram umsókn ásamt skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði í stað frístundasvæðis á afmörkuðu svæði innan Úthlíðar 2 L167181.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur áherslu á að forsenda breytinga sé ný aðkoma að viðkomandi svæði.*

**14. Ketilvellir lóð (L167815); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður -  
viðbygging - 2009086**

Útgáfa byggingarleyfis fyrir viðbyggingu á Ketilvöllum lóð L167815 var samþykkt til grenndarkynningar á grundvelli 44. gr. skipulagslaga á 203. fundi skipulagsnefndar þann 14. október 2020. Málið var grenndarkynnt og athugasemdir bárust. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu málsins á 209. fundi nefndarinnar vegna athugasemda sem snéru að afmörkun lóðar. Brugðist hefur verið við þeim athugasemdum innan framlagðra gagna. Athugasemdir nágretta er varðar skerðingu á útsýni lagðar fram til afgreiðslu skipulagsnefndar. Lagt er fram minnisblað byggingarfulltrúa vegna málsins ásamt ljósmyndum af svæðinu.

*Skipulagsnefnd tekur ekki undir athugasemdir nágretta er varðar nálægð við lóðamörk eða hugsanlega skerðingu á útsýni vegna umsóttar viðbyggingar. Af hæðarmælingu á staðnum, ljósmyndum og framlögðum teikningum af viðbyggingu telur nefndin óverulegar líkur á því að útsýni frá nágrennalóð muni skerðast vegna framkvæmdarinnar. Hæðarmunur á milli húsa er um 3 metrar og er mesta mænihæð viðbyggingar 3,58 m. Stendur því mænir viðbyggingarinnar um 58 cm ofar en gólf aðliggjandi sumarhúss. Meirihluti viðbyggingarinnar er lægri eða 3.03 m. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að málið verði samþykkt eftir grenndarkynningu og að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Þeim sem athugasemdir gerðu verði kynnt niðurstaða sveitarstjórnar.*

**Flóahreppur:**

**15. Hallandi L166310-166315; Engjar 1-11; Frístundasvæði; Deiliskipulag - 2010098**

Lögð er fram deiliskipulagstillaga fyrir frístundasvæði að Hallanda í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst afmörkun á legu lóða og byggingareiti og skilgreining á byggingarheimildum innan svæðisins. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og hefur verið brugðist við athugasemdum innan greinargerðar og á uppdrætti skipulagsins.

*Skipulagsnefnd UTU frestar afgreiðslu málsins. Mælt er til þess að byggingarskilmálar deiliskipulagsins er varðar sameiginlegt byggingarmagn lóðarpars verði skoðaðir með ítarlegri hætti. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við umsækjanda.*

**16. Súluholt L166385; Geymsla malbiks; Framkvæmdaleyfi - 2103022**

Lögð er fram umsókn frá Súluholti ehf. vegna framkvæmdaleyfis í landi Súluholts. Í umsókninni felst beiðni um útgáfu framkvæmdaleyfis til að geyma og endurvinnna malbik innan efnistöku-og efnislosunarsvæðis E13.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framkvæmdaleyfi verði veitt á grundvelli heimilda aðalskipulags með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar á grundvelli 44. gr. skipulagslaga.*

**Grímsnes- og Grafningshreppur:**

**17. Minni-Borg lóð B L198597; 14 byggingareitir verði lóðir; Deiliskipulagsbreyting - 2102075**

Lögð er fram umsókn frá Minni Borgum ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að skilgreindar eru lóðir í kringum 14 byggingarreiti sem fyrir eru innan deiliskipulagsins. Engar byggingar hafa verið byggðar innan umræddra byggingarreita. Óskað er eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

**18. Efri-Brú Sökk lóð 5 L198862; Brúarey 1-3; Niðurfelling göngustígs og stækkun lóðar nr.3; Deiliskipulagsbreyting - 2103003**

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf., f.h. landeigenda er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi lóða við Brúarey úr landi Efri-Brúar Sökk lóð 5 L198862. Í breytingunni felst að ræma fyrir skilgreindum göngustíg meðfram lóð nr. 3 er felld út og lóðin stækkuð sem því nemur. Þá er sett kvöð um gegnumakstur/vegstæði sem aðkomuleið gegnum lóð Brúarey 1 vegna aðstæðna á svæðinu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

**19. Borg í Grímsnesi; Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar; Þéttbýli; Aðalskipulagsbreyting - 2009016**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Lýsing var í kynningu frá 7.10.2020-28.10.2020. Umsagnir sem bárust við lýsingu

verkefnisins fylgja við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**20. Hallkelshólar lóð 69 L186617; Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting - 2103019**

Lögð er fram umsókn frá Erni Aanes Gunnþórssyni og Þórhildi Eddu Sigurðardóttir er varðar umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðar í landi Hallkelshóla. Í breytingunni felst breytt lega lóðar Hallkelskóla lóð 69 L186617. Samhliða er skilgreindur byggingarreitur innan lóðarinnar.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

**21. Tilraunahreinsistöð á Nesjavöllum; Fyrirspurn um matsskyldu - 2011042**

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 varðandi mat á umhverfisáhrifum. Óskað er eftir því að Grímsnes- og Grafningshreppur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum viðkomandi framkvæmd er varðar tilraunahreinsistöðvar að Nesjavöllum skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum í takt við framlagða beiðni.

*Skipulagsnefnd UTU telur að innan fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisðagerðum og vöktun. Nefndin telur að framkvæmd á grundvelli framlagðra gagna sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin getur verið háð útgáfu framkvæmdaleyfis og eftir atvikum byggingarleyfa. Nefndin telur framkvæmdina rúmast innan skilmála aðal- og deiliskipulags fyrir svæðið.*

**Hrunamannahreppur:**

**22. Grafarbakki 2, Laufskálabyggð L208830; Lóðir 7 og 9; Rotþró færð; Deiliskipulagsbreyting - 2008020**

Lögð er fram umsókn frá Magnúsi Víkingi Grímssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarbakka II, Laufskálabyggð. Í breytingunni felst m.a. að felld er út 6 metra breið landræma á milli lóða 7 og 9 sem hafði verið sett inn í fyrri deiliskipulagsbreytingu. Lóð nr. 9 stækkar sem nemur breytingu. Staðsetning rotþróar færist til og sett er kvöð á lóðir 7 og 9 um aðkomu þjónustubíla að rotþró og siturlögn. Málinu var frestað á 200. fundi skipulagsnefndar.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur:**

**23. Stöng og Gjáin í Þjórsárdal Deiliskipulag - 1511004**

Lagt er fram deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal eftir auglýsingu. Umsagnir og athugasemdir komu fram við auglýsingu skipulagsins. Farið er yfir helstu breytingar eftir auglýsingu og samráð við umsagnaraðila í 6. kafla greinargerðar deiliskipulagsins. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **24. Gunnbjarnarholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag - 2103020**

Lögð er fram umsókn og skipulagslýsing frá Fjölskyldubúinu ehf. er varðar deiliskipulag sem tekur til verslunar- og þjónustusvæðis VP8 í landi Gunnbjarnarholts. Samkvæmt lýsingu er gert ráð fyrir uppbyggingu eldsneytisafgreiðslu, en einnig verði boðið upp á fjölbreyttari orkugjafa s.s. hraðhleðslustöð fyrir rafmagnsbíla. Þá verði gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustubyggingar m.a. til veitingaafgreiðslu og upplýsinga/kynningamála.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykka skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **25. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 21-138 - 2102004F**

Fundargerð 21-138 afgreiðslufundar byggingarfulltrúa lögð fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00**

---

Árni Eiríksson

---

Björgvin Skafti Bjarnason

---

Helgi Kjartansson

---

Halldóra Hjörleifsdóttir

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Guðmundur J. Gíslason

---